



Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð  
Borgartúni 14  
105 Reykjavík

### **Viðauki við samninga Reykjavíkurborgar við borgarhátíðir 2023-2025**

Þann 25. maí 2022 voru samþykktir í borgarráði samningar Reykjavíkurborgar við sex borgarhátíðir á árunum 2023 – 2025 sem eru: Iceland Airwaves, Hinsegin dagar, Hönnunarmars, Óperudagar, Reykjavík Dance Festival og Reykjavík International Film Festival

Markmiðið með útnefningu borgarhátíðanna er að styðja samfellu, framþróun og rekstrarlegan grundvöll hátíða í Reykjavík sem þegar hafa sannað ótvírætt gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir menningarlífið í borginni. Auk þess skulu borgarhátíðir Reykjavíkur uppfylla ýmis skilyrði. Í samningi við borgarhátíðir er kveðið á um kynningarmál og þar kemur m.a. fram eftirfarandi:

*„Reykjavíkurborg vill að sýnileiki Borgarhátíða sé eins mikill og kostur er. Reykjavíkurborg tekur í því augnamiði að sér uppsetningu og niðurtöku fána hátíðar í miðborg Reykjavíkur og hvetur til aukins samtals og samstarfs milli Reykjavíkurborgar og hátíðar um aðgerðir sem auka sýnileika hátíðarinnar.“*

Til að skerpa á því hvernig Reykjavíkurborg getur stutt við kynningu hátíðanna er lagður fram til samþykkis viðauki við samninga Reykjavíkurborgar við borgarhátíðir 2023 – 2025. Í viðaukanum kemur fram með skýrum hætti hvaða þjónustu Reykjavíkurborg getur boðið hátíðunum upp á gjaldfrjálst. Kostnaður við þessar aðgerðir er innan ramma menningar- og íþróttasviðs.

Virðingarfyllst,

María Rut Reynisdóttir  
Skrifstofustjóri menningarmála  
Menningar- og íþróttasviði

Samrit:

Hjálagt: Viðauki við borgarhátíðasamninga

# Viðauki

við samstarfssamning menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar (áður menningar- og ferðamálasvið), f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Reykjavík Dance Festival kt. 520402-3570, undirritaður rafrænt 14. og 16. des. 2022.

Til viðbótar við það sem kveðið er á um í samstarfssamningi borgarhátíðarinnar **Reykjavík Dance Festival** og Reykjavíkurborgar sem gildir til 31. desember 2025, býðst hátíðinni eftirfarandi stuðningur við kynningu á hátíðinni:

- Fyrsta prentun á fánum, þegar hátíð er fyrst valin borgarhátíð, í þann fjölda fánastanga sem hátíðinni býðst að nota. Hátíðin sjálf lætur hanna fánana og skal tryggja að hönnunin sé þannig að fánarnir geti nýst næstu árin. Ef prenta þarf nýtt upplag af fánum ber hátíðin þann kostnað.
- Uppsetning og niðurtaka fána á 30 fánastöngum sem eru staðsettar á ljósastaurum við Frikirkjuveg og Lækjargötu, 5 fánastöngum á ljósastaurum í Bankastræti og 8 fánastöngum við brúna við Ráðhús Reykjavíkur. Viðburðahaldari ber ábyrgð á að hanna og prenta fánana og koma til skila með góðum fyrirvara.
- Aðgangur að þremur auglýsingastöndum (6 fletir) við Ingólfstorg og borgarstöndum sem staðsettir eru víðveggar um borgina í allt að eina viku á meðan hátíð stendur yfir. Viðburðahaldari ber ábyrgð á að hanna og prenta kynningarefnið og koma því til skila með góðum fyrirvara.
- Möguleiki á birtingu kynningarefnis á upplýsingaskjám á starfsstöðum menningar- og íþróttasviðs í eina viku. Upplýsingaskjáiir eru meðal annars í 7 sundlaugum borgarinnar. Viðburðarhaldari ber ábyrgð á því að hanna og skila inn kynningarefni með góðum fyrirvara.
- Gjaldfrjáls afnot af Tjarnarsal ráðhússins fyrir viðburði sem opnir eru almenningi og gjaldfrjálsir á meðan á hátíð stendur eða mest í 4 heila daga. Viðburðahaldari greiðir allan útlagðan kostnað sem stofnað er til, m.a. vegna leigu á búnaði, yfirvinnu húsvarða, veitinga o.fl.

Allar frekari upplýsingar og upplýsingar um tengiliði vegna ofangreinds veitir skrifstofa menningarborgar sem er tengiliður borgarhátíðarsamningsins við **Reykjavík Dance Festival** og fer með samskipti og eftirlit vegna hans.

**Ekki kemur til frekari þjónustu af hálfu Reykjavíkurborgar nema gegn gjaldi.**

Viðauki þessi er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila samningsins.

María Rut Reynisdóttir

**Pétur Ármannsson**

\_\_\_\_\_  
F.h Reykjavíkurborgar

\_\_\_\_\_  
**F.h. Reykjavík Dance Festival**